



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Dómsmálaráðherra

Reykjavík, 31. janúar 2024

Efni: Ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um nauðgun og þörf á endurskoðun

Nýlega féllu tveir dómar, annars vegar í Héraðsdómi Reykjaness og hins vegar í Héraðsdómi Norðurlands vestra þar sem fullorðnir karlmenn voru ákærðir fyrir nauðgun skv. 194. gr. alm. hgl. gagnvart 13 og 14 ára stúlkum. Mennirnir voru í báðum tilfellum sýknaðir af ákæru um nauðgun en sakfelldir fyrir að hafa haft samræði við barn undir 15 ára aldri skv. 202. gr. laganna. Í báðum tilfellum var það niðurstaða dómara að stúlkurnar hafi veitt samþykki sitt fyrir kynmökum og því væri ekki hægt að heimfæra háttsemina undir þá verknaðarlýsingu sem 194. gr. alm. hgl. áskilur. Í niðurstöðu Héraðsdóms Reykjaness segir m.a.:

Stendur þá eftir það álitaefni hvort samræði fullorðins einstaklings við 13 ára barn teljist ávallt nauðgun í skilningi verknaðarlýsingar 1. mgr. 194. gr. hegningarlaganna án tillits til yfirlýsts vilja og/eða samþykkis barnsins, þ.e. að 13 ára barn geti undir engum kringumstæðum fallist á samræði við fullorðinn einstakling svo gilt sé. Af frumvarpi til áðurnefndra breytingarlaga nr. 16/2018, sem og eldra frumvarpi til breytinga á 1. mgr. 194. gr., sbr. lög nr. 61/2007, verður ekki annað ráðið en að ávallt þurfi til að koma einhver sú ólögmeta nauðung í skilningi 1. mgr. 194. gr. að gerandi í það minnsta notfæri sér yfirburðastöðu gagnvart þolanda til að koma fram kynferðislegum vilja sínum og að þolandi sé varnarlaus gagnvart þeim vilja. Er ekkert slíkt fram komið í þessu máli, svo haldbært sé. Að því gættu og með vísan til 108. og 109. gr. laganna um meðferð sakamála ber að sýkna ákærða af nauðgun samkvæmt 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

Líkt og fram kemur í rökstuðningi dómara hér að framan gera almenn hegningarlög þá kröfu að til þess að háttsemi geti fallið skv. 194. gr. laganna þurfi að koma fram skýr sönnunargögn um það hvort þolandi, í þessu tilfelli 13 ára barn, hafi verið beitt ólögmetri nauðung eða að gerandi hafi í það minnsta notfært sér yfirburðastöðu gagnvart þolanda til að koma fram kynferðislegum vilja sínum, ef vafi leikur á um hvort samþykki hafi verið veitt. Í þessu tilfelli kemst dómari að þeirri niðurstöðu að slík aðstaða hafi ekki verið fyrir hendi og var þá litið til sönnunargagna því til stuðnings. Bendir umboðsmaður á að sú umgjörð sem hér er fyrir hendi, þar sem það fellur í hlut dómara að leggja mat á það hvort barn hafi í raun og veru gefið

samþykki sitt fyrir kynmökum við fullorðin einstakling eða hvort barnið hafi verið til þess bært, setur ekki aðeins vafasamt fordæmi til framtíðar, heldur getur það einnig haft mjög skaðlegar afleiðingar fyrir barnið sem í hlut á.

Það er mat umboðsmanns barna að áriðandi sé að dómsmálaráðuneytið taki viðkomandi lagaákvæði almennra hegningarlaga til endurskoðunar. Á öðrum Norðurlöndum og víða í Evrópu er sérstaklega fjallað um aldur barna með tilliti til samþykkis. Þar hafa líkt og hér á landi verið gerðar breytingar á refsilöggjöf á undanförunum árum, þar sem samþykki er í forgrunni skilgreiningar á nauðgun og aukin áhersla lögð á kynfrelsi og sjálfsákvörðunarrétt einstaklinga. Á Norðurlöndum hefur þó sérstaklega verið litið til þess að börn undir ákveðnum aldri séu ekki bær til þess að veita samþykki fyrir kynmökum, þó sá aldur sé breytilegur eftir löndum.

Íslensk hegningarlög gera ekki greinarmun á börnum og fullorðnum hvað varðar samþykki og er því ljóst, m.a. með vísan til framangreindrar tilvitnunar úr dómi Héraðsdóms Reykjaness, að réttaróvissa ríkir um það hvenær börn ná þeim aldri að geta veitt samþykki sitt fyrir kynmökum. Á öðrum Norðurlöndum er það hins vegar sérstaklega skilgreint í lögum við hvaða aldur börn geta veitt slíkt samþykki og er ljóst að Ísland er eftirbátur hinna Norðurlandanna hvað þetta varðar. Umboðsmaður barna telur áriðandi að úr því verði bætt.

Í Svíþjóð er ekki gert ráð fyrir því að börn undir 15 ára aldri geti veitt samþykki sitt og skilgreina sænsk hegningarlög því samræði við barn yngra en 15 ára sem nauðgun. Finnisk hegningarlög byggjast á samskonar nálgun og er þar miðað við 16 ára aldur. Í Noregi er gert ráð fyrir 14 ára aldri og á ákvæði sambærilegt 202. gr. alm. hgl. við um börn á aldrinum 14-16 ára. Í Danmörku er ákvæði sambærilegt 202. gr. alm. hgl. þar sem fram kemur að refsivert sé að hafa samræði við börn undir 15 ára aldri. Þó telst það vera nauðgun ef barn er yngra en 12 ára, eða ef sakborningur hefur náð 22 ára aldri og barn er yngra en 15 ára. Líkt og hér á landi gera önnur Norðurlönd þó ráð fyrir svokölluðu „Rómeó- og Júlíu“ ákvæði þar sem lækka má refsingu eða láta hana niður falla, ef gerandi og þolandi eru á svipuðum aldri og þroskastigi og leggur umboðsmaður barna til að það haldist óbreytt.

Með vísan til þess sem að framan er rakið telur umboðsmaður barna ljóst að það nauðsynlegt er að breyta íslenskum hegningarlögum til samræmis við það sem gildir á öðrum Norðurlöndum, þar sem skilgreindur er sérstaklega lágmarksaldur samþykkis.

Umboðsmaður barna óskar þess sérstaklega að embættinu verði haldið upplýstu um framhald málsins og viðbrögð ráðuneytisins við erindi þessu.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna